

## Að kenna lesblindum nemendum erlend tungumál

Tungumálanám er lesblindum erfitt en með auknum skilningi á eðli lesblindunnar, aukinni tölvuækni og meiri stuðningi er námið að einhverju leyti gert auðveldar. Það sem truflar við námið eru þættir, sem einnig hamla námi í móðurmáli, eins og erfiðleikar með hljóðkerfisvitund (phonological processing), vinnsluminni, hljóðgreiningu (greina að lík hljóð) og hljóðferlun (átta sig á hvaða hljóð mynda orðin) svo og að læra og skilja málfræðireglur og setningaskipan (syntax). Þær aðferðir, sem gefast vel við að kennslu móðurmálsins, reynast einnig vel við kennslu framandi tungumála og öfugt. Nemendur, sem eru ekki lesblindir, hafa einnig gagn af þeim kennsluáðferðum, sem reynast lesblindum vel, þó þeir þurfi ekki jafn mikla þjálfun til að ná árangri. Miklar líkur eru á að nemandi, sem gengur vel að læra móðurmálið muni einnig ganga vel að læra framandi tungumál og öfugt, erfiðleikar í móðurmáli koma fram við nám í öðrum tungumálum.

Lesblindir nemendur eiga í erfiðleikum með umskráningu þ.e. að umskrá stafi í hljóð og hljóð í stafi og að mynda þannig orð til geymslu í minninu. Nemendur geta átt erfitt með að greina á milli mismunandi hljóða og að átta sig á hvernig hljóðin sem bókstafirnir standa fyrir blandast saman og mynda orðin svo og að muna hljóðin nógu lengi eða nógu vel til að endurtaka þau síðar. Nemendur geta átt erfitt með að skilja tengslin milli bókstafa og þeirra hljóða sem þeir standa fyrir. Þetta gerir tungumálanám erfitt og kemur fram hjá nemendum í hlustun, lestri, réttitun og talmáli. Þó að vandamál nemenda komi helst fram í lestri og ritun, þá er ekki rétt að þeir sleppi slíku alveg, heldur þarf í kennslu að höfða til allra skynfæra og tvinna saman lestur, réttitun, hlustun og tal.

Lesblindir nemendur eiga sér sterkar hliðar, sem mikilvægt er að nýta í námi. Í skjali „Erlend tungumál“ er bent á vandamál, sem lesblindir nemendur eiga við að etja og hvaða aðferðir geta hjálpað þeim. Áhersla er lögð á styrkleika nemenda en einnig að þjálfva veikari hliðar þeirra. Aðferðirnar gagnast öllum nemendum í námshópnum en lesblindir nemendur þurfa oft meiri þjálfun og endurtekningu. Tungumálakennsla, þar sem lögð er ofuráhersla á að vinna með texta, undirstrikar veikleika lesblindra nemenda, nokkuð sem þeir eru vel meðvitaðir um. Til að vinna gegn slíku niðurbroti skal nýta hvert tækfæri sem gefst til að auðga námið með aðferðum, sem gefa nemendum tækfæri til að sýna hvað í þeim býr. Með því að skipuleggja verkefni þar

sem nemendur lesa, skrifa, horfa og framkvæma geta nemendur nýtt sér sterkar hliðar sínar um leið og þeir þjálfar þær veikari. Þegar lögð er áherslu á að höfða til allra skynfæra er ekki hætt á leiðindum, sem skapast við stöðuga endurtekningu. Til eru tölvuforrit þar sem nemendur geta lært tungumál með því; að horfa á myndir, að æfa sig að skrifa orð og setningar, að lesa og hlusta á texta lesinn og að tala sjálfir inn á tölvu og hlusta síðan á eigin framburð og bera saman við upplesturinn. Í kennslustofu geta nemendur notað heyrnartól til að trufla ekki hverjir aðra.

## **Ýmislegt sem vert er að hafa í huga þegar verið er að kenna tungumál**

### **Kynna nýtt tungumál**

- Nota (charts and diagrams) yfirlitskort til að gefa heildarsýn svo nemendur geti séð hvort og hvernig nýja tungumálið tengist því sem þeir hafa lært áður.
- Nota handahreyfingar og látbragð með töluðu máli.
- Þegar verið er að kynna ný orð eða æfa löng orð, prófa að klappa eftir hrynjanda orðsins.
- Myndskreyta texta.
- Beina athyglinni að uppbyggingu tungumálsins með yfirlitskortum, hugarkortum, dálkum eða öllum þeim aðferðum sem reynast vel til að nemendur skilji setningaskipan tungumálsins. Sjá t.d. Mynd 1
- Raða saman orðum sem hafa einhver rökrétt tengsl t.d. líkt stafsett, sama kyn o.frv.
- Nota litayfirstrikanir eða merkingar með lit til að draga fram t.d. kyn, endingar.
- Gera veggspjöld með yfirlitsmyndum eða hugarkort til að sýna tengsl á annan hátt en línulega þ.e. með setningum.

**Mynd 1: Til að gera setningaskipan tungumáls sýnilega og skiljanlega – til að hjálpa nemendum að skilja hvernig orðum er raðað í setningar í ákveðnum tilgangi.**

**Til að setja fram staðreyndir um eign gæludýra á frönsku**

j'	ai	un chien un chat	J'ai une souris
tu	as	un poney un hamster	Nous avons un chien et une tortue
il elle on	a	une souris une tortue une perruche	Elle a un poney Sam a deux perruches
nous	avons		
vous	avez	deux .....s trois .....s	
ils elles	ont		

**Til að spyrja um gæludýr á frönsku**

qui	a		Qui as une tortue?
tu	as	.....?	Tu as un chat?
vous	avez		Vous avez un chien, madame?

**Að æfa tungumálið**

- Notað leiki og ýmis spennandi gögn til að æfa orðaforða og setningaskipan.
- Búa til pakka af minnisþjöldum til að þjálfunar. Þjöldin þurfa helst að vera það lítil að þau komist í vasa t.d. 32 X 22 mm. Hægt er að nota þjöld í mismunandi litum eftir því hvað verið að æfa t.d. blátt fyrir orðaforða, rautt fyrir málfræðireglur, gult fyrir hljóð/framburð. Ef allir nemendur í bekknum eru með slík þjöld, er æskilegt að kennari eigi samsvarandi þjöld en stærri sem hann getur notað til að bregða upp fyrir framan allan hópinn.

- Nota ýmiss konar tölvuforrit til að þjálfra tungumálið. Flest tölvuforrit reyna á fleiri en eitt skynfæri t.d. nemendur horfa, hlusta, skrifa og hver og einn getur unnið á sínum hraða.
- Gefa nemendum tækifæri að skrifa stuttan texta eftir upplestri. Afhenda þeim síðan ljósrit af rétt skrifuðum texta. Nemendur leiðréttu eigin texta með penna í einhverjum lit, skoða hvernig villur þeir gerðu og endurskrifa textann. Kennari athugar síðan hvort sá texti sé réttur.

### Að vinna með texta

- Tengja saman hlustun og tal með því að nemendur hlusta á texta lesinn. Hægja á upplestrinum þannig að nemendur geti betur fylgst með. Við þetta má nota hljóðupptökur eða talgervil.
- Nota hugarkort (Mind Maps) og svipuð hjálpargögn til að aðstoða nemendur að skipuleggja verkefni, sem á að skila munnlega eða skriflega.
- Gefa nemendum tækifæri á að skila verkefnum munnlega eða sem hljóðupptöku ef það sýnir betur tungumálakunnáttu nemenda s.s. að ekki þurfi alltaf að skila verkefnum skriflega.

Það reynir mjög á minnið þegar verið er að læra framandi tungumál. Fyrst fara ný orð inn í skammtímaminni og þaðan yfir í langtímaminni. Úr langtímaminni eru orðin sótt og unnið með þau í vinnsluminninu þar sem orðunum er raðað saman í skiljanlegan texta. Lesblindir nemendur geta átt í erfiðleikum á öllum stigum.

1. Móttaka í **skammtímaminni**: Kennari þarf að kynna og leggja inn nýtt tungumál í smáum skömmtum eftir sem fjölbreyttustu leiðum. Hægt er að nýta minnistækni. Láta nemendur finna út hvaða minnistækni virkar best fyrir þá.
2. Yfirfærsla yfir í **langtímaminni**: Gefa nemendum tækfæri að æfa sig að hlusta, tala, skrifa og lesa nýja tungumálið í smáum skömmtum. Nota mismunandi dæmi til að nemendur átti sig á skipulagi og uppbyggingu tungumálsins. Velja leiki og annað sem vekur áhuga nemenda að æfa sig í tungumálinu. Endurtaka stig 1 og 2 á sem fjölbreyttasta hátt.

3. Upprifjun yfir í **vinnsluminnið**. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að rifja upp orð og setningar, sem þeir þurfa að nota í verkefnum og æfingum. Hægt er að hjálpa til við upprifjun með vísbendingum t.d. myndum, hrynjanda eða rími sem notað var við innlögn svo og að tengja erlendu orðin við orð á móðurmálinu. Slíkar vísbendingar geta orðið lykillinn að þeim orðum sem geymd voru í langtímaminninu.
4. Að raða saman í **texta s.s. nota það sem er lært**: Mikilvægt er að örva upprifjun til að gera verkefnavinnu auðveldari fyrir nemendur. Hægt er að draga fram aðalatriði eða gefa vísbendingar til að auðvela nemendum að skipuleggja og vinna ritað mál.

Lesblindir nemendur þurfa oft að fá nákvæmar útskýringar en stundum er ekki hægt að útskýra hvers vegna t.d. að ákveðið nafnorð hefur annað kyn á erlendu tungumáli en móðurmáli. Þá er hægt að segja nemanda að lita t.d. öll le/der í grænum lit, la/die í brúnum og das í bláum lit. Smá kímni og jákvæðni getur líka hjálpað til við að endurmeta neikvæða upplifun í námi.

### **Tækifæri og metnaður**

Þar sem lesblindur nemandi þarf að eyða miklum tíma í tungumálanám getur það bitnað á öðrum námsgreinum. Þannig að ef tungumálanámið er nemanda mjög erfitt getur verið valkostur að sækja t.d. um undanþágu frá 3. máli á stúdentsbraut. Nemendur með leshömlun eiga rétt á stuðning og sérsniðnum námsgögnum sem geta auðvelað þeim námið. Í 34.gr. framhaldskólalaga sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2008 stendur.

*Nemendur með sérþarfir*

*Nemendur með leshömlun skulu eiga aðgang að sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun.*

*Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.*

Lesblindir nemendur eru hluti að skólasamfélaginu og reikna þarf með þeim þar. Hvatning, sveigjanleiki og jákvæðni kennara getur ýtt undir metnað og vilja til að leggja á sig mikla vinnu við að læra nýtt framandi tungumál. Nemendur með leshömlun ná oft góðu valdi á talmáli og hafa oft ágætan orðaforða en þurfa eins og fram hefur komið aukalegan stuðning hvað varðar ritun og lestur.

Textinn og leiðbeiningarnar eru unnar með hliðsjón af greininni „Dyslexia and the Teaching of Modern Foreign Languages“ eftir Margaret Crombie og Hilary McColl. Greinin er 7. kafli bókarinnar *Dyslexia – Successful Inclusion in the Secondary School* en ritstjórar hennar eru Lindsay Peer og Gavin Reid.

Elín Vilhelmsdóttir